



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 19. ágúst 2019

RMF19060007

0.3.1

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar menningar- og ferðamálasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umhirðu Árbæjarsafns - R19060233***

Þann 27. júní sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði í fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins er með fyrirspurnir er varða umhverfi Árbæjarsafns. Borist hafa ábendingar um að mikil óhírða er í kringum Árbæjarsafn. Grasið er úr sér vaxið og þétt af fíflum. Húsveggir þarfnast viðhalds. Sjá má glöggt að þarna skortir verulega á viðhald og snyrtingu. Óskað er eftir svörum við eftirfarandi spurningum er varða umhirðu á lóð Árbæjarsafns.

1. Hvaða stofnun/ fyrirtæki sér um umhirðu á lóðum eins og í kringum Árbæjarsafni?
2. Hversu oft er farið og kannað ástand umhriðu á slíkum lóðum?
3. Ef einkaaðilar, þá er spurt hefur verk/eftirlit verið boðið út?

Þann 28. júní sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Guðbrandur Benediksson, safnstjóri Borgarsögusafns sem Árbæjarsafn tilheyrir, veitti eftirfarandi svör:

**1. Umhirða safnsvæðis Árbæjarsafns og eftirlit á höndum Borgarsögusafns Reykjavíkur, en Árbæjarsafn heyrir undir það.** Engu að síður hefur safnið notið góðs af ráðgjöf fagmanna garðyrkjudeildar borgarinnar á Verkþækistöð 2, sem heyrir undir rekstur og umhirðu innan umhverfis- og skipulagssviðs. Sömu aðilar hafa einnig komið að ýmsum minni verkum, en þó mikilvægum fyrir safnið, s.s. trjáklippingu og plöntun sumarblóma í ákveðin beð og ker. Þá er iðulega hópur á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur sem sér um ýmis verk, s.s. hreinsun beða, rakstur stíga, kantskurð og tilfallandi slátt. Er það mjög mikilvægt og gott vinnuframlag. Unnið er samkvæmt verkefnalista sem tekinn er saman á hverju vori. Hvað slátt varðar, þá var hann eitt sinn á höndum þessarar sömu garðyrkjudeildar, en hagræði þótti að leita tilboða fyrir nokkrum árum og hefur Garðlist ehf. séð um slátt á ákveðnum hlutum safnsvæðisins. Almennt hefur það fyrirkomulag reynst vel og það er einnig hentugt í ljósi þess að sláttur getur þá farið fram utan opnunartíma safnsins og truflar ekki daglega starfsemi og upplifun gesta á safninu. Útboð hefur ekki farið fram á þessum þætti, þar sem

kostnaður er nokkuð fyrir neðan viðmiðunarmörk útboða á aðkeyptri þjónustu (491.531 kr árið 2018). Svæðið í kringum Árbæjarsafn er í umsjón umhverfis- og skipulagssviðs, sem sér um slátt og aðra umhirðu, s.s. við bílastæði og á hljóðmönnum. Reynsla okkar á safninu af því fyrirkomulagi er góð, enda hefur verið brugðist hratt og vel við ábendingum og óskum um slátt, svo dæmi séu tekin.

**2. Eftirlit með umhirðu á Árbæjarsafnssvæðinu er einnig, eins og áður segir, á hendi Borgarsögusafns og eru áætlanir gerðar um það og uppfærðar ár hvert. Ráðsmaður á Árbæjarsafni kemur að því, sem og verkefnastjóri Árbæjarsafns, deildarstjóri á safninu sem og safnstjóri Borgarsögusafns. Segja má að eftirlitið sé nokkuð stöðugt og það felst í því að fylgja eftir áætlunum sem gerðar eru hverju sinni, að þær gangi eftir og brugðist sé við þegar þörf krefur. Þá er einnig tekið við ábendingum bæði gesta og þess starfsfólks sem er á svæðinu. Eins og gefur að skilja getur umhirðuþörfin verið mismunandi milli ára, ekki síst er varðar slátt sem er eðli málsins samkvæmt háður sprettu hverju sinni. Reynt er að bregðast við því innan þess ramma sem áætlaður er í kostnað við umhirðu á ári hverju. Á safninu eru til að mynda sláttuvél og vélorf sem starfsmenn safnsins og vinnuskólans grípa í, til að slá þá fleti sem þarfnast aukins slátturs. Þá ber að nefna að unnið er eftir áætlun til nokkurra ára, um frekari þróun ákveðinna hluta safnsvæðisins, en sú áætlun byggir á verkefni er nefnist *Sögulegir garðar*, en um er að ræða rannsókn landslagsarkitekts og tillögur að uppbyggingu garða við ákveðin hús, í anda þess tímabils sem húsin eiga að rætur að rekja til. Í því sambandi ber að hafa í huga að það getur verið fínt jafnvægi milli umhirðu og þess að gera ákveðin svæði „of fín“ – ef svo má að orði komast – og þar með gefa ranga mynd af fortíðinni í Reykjavík.**

**3. Umhirða og eftirlit með safnsvæði er sem áður segir á höndum Borgarsögusafns Reykjavíkur og hefur þar af leiðandi ekki verið boðinn út. Eini liðurinn sem einkaaðilar sinna, er hluti af slætti á safnsvæði, líkt og áður hefur komið fram. Kostnaður við alla þessa þætti er tekinn úr rekstrarramma Borgarsögusafns og reynt er að haga umhirðu þannig að hún sé bæði hagkvæm, innan kostnaðarramma og fullnægjandi.**

Umhirða safnsvæðis Árbæjarsafns er ákaflega mikilvæg og gott er að vita til þess að gestir safnsins sýni því áhuga og komi með ábendingar, hvort sem er við starfsfólk borgarinnar eða kjörna fulltrúa. Safnsvæðið er stórt og mikið, tæpir 10 hektarar og á vissan hátt afar fjölbreytt, því þar eru garðar, tún, engi og móar. Sérstök áætlun um slátt er í gildi á svæðinu, þar sem tún eru skilgreind eftir gerð og notkun og tíðni sláttur eftir því. Taka ber fram að gömlu bæjartúnin eru nýtt eins og vera ber við búskap, þar sem grasið er látið vaxa fram að heyönnum, þegar heyskapur fer fram, m.a. sem viðburður á safninu og slegið er með orfi og ljá. Það er mikilvægur þáttur í að viðhalda og miðla þeirri fornu hefð. Sum tún eru slegin með sláttuvél safnsins og heyvinnuvélum og heyið nýtt sem dýrafóður. Þá eru önnur tún nýtt sem beitarhólf fyrir húsdýr sem eru á safninu á sumrin, en á ákveðnum svæðum hafa móar fengið að halda sér með villtum gróðri. Þá ber að nefna að sérstakt átak var unnið af starfsmönnum safnsins í vor við að halda niðri skógarkerfli, sem ógnar ákveðnum hlutum safnsvæðisins og hefur verið og er mikið áhyggjuefni.

Varðandi óhirðu á safnsvæðinu í júní sem nefnd er í fyrirspurninni, þá skal taka fram að farið var í sérstakt átak í byrjun sumars til þess að safnsvæðið og umhverfi safnsins liti sem best út, m.a. vegna komu forseta Þýskalands á safnið þann 11. júní og svo núverandi og fyrirverandi forsetar Íslands á safnið þann 19. júní. Hópurinn á vegum Vinnuskólans sem kom til starfa 10. júní var til að mynda settur í verkefni sem snéru einmitt að þeim þáttum. Vera má að gras

hafi verið mikið sprottið í fyrstu vikum júní, enda spretta með eindæmum góð þetta ágæta vor, en reynt var að tímasetja þennan slátt á þann veg að hann væri sem hagkvæmastur og tún og grasflati væru sem snyrtilegastar þessa daga í júní þegar hinir ágætu gestir komu í heimsókn. Var það reyndar mál manna að sláttur hefði sjaldan verið eins góður og um miðjan júní, þó tvímælalaust megi gera enn betur.

Hvað varðar viðhald hlaðinna húsveggja ber að nefna að í vor var farið í framkvæmd við að endurhlaða gamalt fjárhús á safnsvæðinu, það er afar vandasamt verk og tók lengri tíma en ráðgert var, m.a. vegna fornminja sem fundust við þá framkvæmd. Þar af leiðandi voru hleðslur við þá torfveggi í óásjálegu ásigkomulagi stóran hluta júnímánaðar. Þessari framkvæmd er nú lokið og ástand hlaðinna veggja eins og best er á kosið. Framkvæmdir við hleðslur fjóss og hlóðaeldhúss gamla Árbæjar eru á döfnni á næstu misserum og mun ástand þeirra þá væntanlega verða til mestu fyrirmyndar. Þessar framkvæmdir eru fjármagnaðar úr ramma Borgarsögusafns sem skilgreindur er sem viðhald gamalla húsa og safnmuna.

Safnstjóri Borgarsögusafns vill þakka áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins fyrirspurn um slátt og umhirðu á safnsvæði Árbæjarsafns og fagnar allri umræðu um það mikilvæga málefni.

Arna Schram  
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs